

Fundargerð 46. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Reykjavík Rosters, Brautarholti 2.

Tími: 2. mars 2018 kl. 14:30

Viðstaddir: Arndís Ósk Ólafsdóttir (AÓÓ), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA) og María Jóna Gunnarsdóttir (MJG).

Fjarverandi: Sigurjón Norberg Kjærnested (SNK) og Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ).

Dagskrá:

- Fundargerð 45. stjórnarfundar
- Vorferð VAFRÍ
- Önnur mál

1. Fundargerð 45. stjórnarfundar

Fundargerð var samþykkt með breytingum.

2. Vorferð Vafrí

Ákveðið var að auglýsa vorferð Vafrí til Norðurorku. Skipulagning ferðarinnar var rædd.

3. Önnur mál

Hönnun vatnavirkja: HÓA greindi frá fundi VAFRÍ með Stefáni Einarssyni hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar sem minnisblað um hönnun vatnavirkja var rædd.

Norrænt samstarf: Búið er að hafa samband við samskonar samtök og VAFRÍ í Noregi. Áveðið var að nýta norrænu vatnsveituráðstefnuna til þess að efla sambönd samtakanna innan norðurlandana.

Aðalfundur VAFRÍ: Ákveðið var að halda stutt málþing um hönnunarforsendur fráveitna í borgarumhverfum í tengslum við aðalfund Vafrí.

Styrkir: Rannís hefur styrkt rannsóknaverkefni sem leggur mat á afdrif snjós í þéttbýlis og virkni gróðursvelgja í Urriðaholti.

Ný Evrópureglugerð: Ný Evrópu reglugerð vatnsveitu var rædd; má þar nefna aukið innra eftirlit hjá minni veitum, og fækkun eftirlitsparametrum. Auknar upplýsingar til neytenda.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Fundarritari: Arndís Ósk Ólafsdóttir, arndisoo@veitur.is